

**SAMKOMULAG**  
**um breytingar á fjármálalegum samskiptum**  
**ríkis og sveitarfélaga**

Íslenska ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa í framhaldi af viðræðum um ýmis samskiptamál ríkis og sveitarfélaga á grundvelli yfirlýsingar aðila frá 28. desember 2001 komið sér saman um eftirfarandi breytingar á fjármálalegum samskiptum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga:

**1. Fasteignaskattur – Breyting á álagningarstofni mannvirkja** (sbr. 1. tl. yfirlýsingar)

Fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafa farið yfir þau ágreiningsmál sem uppi hafa verið milli aðila í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja sem lögfestar voru í árslok 2000. Afstaða ríkisins hefur verið sú að fullt samkomulag hafi verið um það á þeim tíma að til grundvallar sérstöku framlagi ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem þá var lögfest samhliða breytingum á álagningarstofni fasteignaskatts skyldi lagt áætlað tekjutap sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins miðað við álagningu skattsins árið 2000, eða 1.100 milljónir króna. Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið sú að hækkunir sem orðið hafa á fasteignamati í Reykjavík frá því að umræddar breytingar voru gerðar hafi leitt til þess að hinn markaði tekjustofn hafi ekki dugað til þess að gera sveitarfélögin jafnsett og fyrir breytingarnar og beri því að hækka framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Aðilar eru sammála um að leysa úr ágreiningi sínum um þetta mál með eftirfarandi hætti:

- a) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær sérstakt aukaframlag á fjárákalogum 2002 að fjárhæð 260 m.kr. sem verja skal til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna.
- b) Framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga hækkar frá 1. janúar 2003 úr 0,64 % í 0,72 % af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð.

Með hækkun framlaga samkvæmt a) og b) lið hefur framangreindur ágreiningur aðila verið að fullu leystur og eru aðilar sammála um að framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna einstakra sveitarfélaga verði ekki endurskoðað frekar þrátt fyrir breytingar sem verða kunna á fasteignamati eða skatttekjum ríkissjóðs frá ári til árs.

**2. Húsaleigubætur** (sbr. 2. tl. yfirlýsingar)

Frá 1. janúar 1998 hefur framkvæmd húsaleigubóta verið verkefni sveitarfélaga og fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Byggist þetta á lagabreytingum

sem þá tóku gildi, en þeim til grundvallar lá samkomulag sem gert var milli ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga 7. desember 1997. Var samið um og lögfest að ríkissjóður skuli árlega greiða 280 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna skulu til greiðslu húsaleigubóta. Fjárhæð þessi breytist árlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Á síðustu tveimur árum hefur útgreiðsla húsaleigubóta aukist verulega, m.a. vegna laga- og reglugerðarbreytinga. Ágreiningur hefur verið um það milli aðila hvort og þá að hvaða marki eðlilegt sé að umsamin og lögákveðin framlög ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna húsaleigubóta hækki vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á umfangi húsaleigubóta.

Aðilar eru sammála um að ágreiningur þeirra í milli varðandi húsaleigubætur verði leystur með eftirfarandi hætti:

- a) Framkvæmd húsaleigubótakerfisins verður áfram verkefni sveitarfélaga og fjármagnað af þeim og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- b) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær sérstakt aukaframlag að fjárhæð 150 m.kr. á fjár- aukalögum 2002 sem rennur til greiðslu húsaleigubóta.
- c) Lagt verði fram á Alþingi lagafrumvarp sem feli í sér að felld verði brott úr lögum um húsaleigubætur núverandi ákvæði um greiðslur ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en þess í stað gerð sú breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að framlag úr ríkissjóði samkvæmt a. lið 8.gr. laganna hækki um 0,27 prósentu- stig. Jafnframt verði kveðið á um það í lögum um tekjustofna sveitarfélaga að hluta af framlagi ríkissjóðs samkvæmt a. lið 8. gr. laganna verði ráðstafað til út- hlutunar framlaga til sveitarfélaga vegna greiðslu húsaleigubóta samkvæmt nánari reglum Jöfnunarsjóðs. Lagabreytingar samkvæmt þessum lið taki gildi 1. janúar 2003. Aðilar eru sammála um að framlag ríkisins vegna húsaleigubóta samkvæmt samkomulagi þessu verði ekki endurskoðað nema í samræmi við ákvæði d ) liðar hér á eftir.
- d) Verði gerðar breytingar á lögum eða reglugerðum um húsaleigubætur án frum- kvæðis eða samþykkis Sambands íslenskra sveitarfélaga og slíkar breytingar hafa í för með sér að hlutfallsleg hækkun heildarfjárhæðar greiddra húsaleigubóta á ársgrundvelli frá því sem hún verður á árinu 2003 er
  - meiri en almennar verðlagshækkningar frá 1. janúar 2003 og
  - meiri en hlutfallsleg hækkun framlags ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitar- félaga samkvæmt a. lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga frá því sem framlagið verður á árinu 2003,

skulu aðilar taka upp viðræður um það með hvaða hætti sveitarfélögum verði bætt kostnaðaráhrif slíkra laga- eða reglugerðarbreytinga að því marki sem þær leiða til útgjaldaauka umfram framangreindar viðmiðanir. Núverandi reglugerð um húsaleigubætur nr. 4/1999, með síðari breytingum, skal haldast óbreytt til 30. júní 2004, að frátöldum ákvæðum um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en skal fyrir þann tíma tekin til skoðunar af aðilum sameiginlega. Verði gerðar breytingar á lögum eða reglugerðum um húsaleigubætur sem hafa í för með sér að heildar- fjárhæð greiddra húsaleigubóta á ársgrundvelli lækkar, skulu aðilar taka upp

viðræður um áhrif slíkra breytinga á framlög ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna húsaleigubóta samkvæmt samkomulagi þessu.

### **3. Breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga** (sbr. 4. tl. yfirlýsingar)

Aðilar eru sammála um að ríkið yfirtaki 15 % hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslustöðva, svæðissjúkrahúsa, deilda-sjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Sveitarfélög láta þó áfram í té lóðir undir framangreindar sjúkrahús-byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda í samræmi við núgildandi ákvæði laga nr. 97/1990. Sveitarfélögin verða áfram eigendur núverandi eignarhluta síns í heilsugæslustöðvum og framangreindum flokkum sjúkrahúsa, en taka ekki þátt í viðhaldskostnaði þeirra eða nýframkvæmdum við þær. Sveitarfélögin geta ekki krafist innlausnar á 15% eignarhluta sínum nema afnotum umræddra fasteigna í þágu heilbrigðisþjónustu ljúki, en þá skulu ríki og viðkomandi sveitarfélög ráðstafa slíkum fasteignum sameiginlega að teknu tilliti til endurmetinna eignarhlutfalla. Við slíkt endurmat skal tekið tillit til nýframkvæmda og lagt til grundvallar að eignarhluti sveitarfélaga í umræddum fasteignum afskrifist á 15 árum í jöfnum árlegum áföngum. Ákvæði þessi gilda þó ekki varðandi íbúðarhúsnæði það sem telst hluti heilsugæslustöðva samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu ef annað íbúðarhúsnæði fyrir sömu heilbrigðisstarfsmenn er keypt eða byggt í viðkomandi sveitarfélagi í stað þess sem fyrir var, en þá skal endurmetinn eignarhluti sveitarfélagsins í því mynda hlutfallslegan eignarhlut í nýja húsnæðinu.

Samhliða fyrrgreindum breytingum falli brott núverandi aðild sveitarfélaga að stjórnnum heilsugæslustöðva og umræddra flokka sjúkrahúsa samkvæmt framan-greindum lögum. Ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu um hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiriháttar viðhaldi og tækjakaup um haldast óbreytt að því er varðar aðra flokka sjúkrahúsa en þá sem greinir hér að framan. Fari fram blönduð starfsemi á sjúkrahúsi skal kostnaðarhlutdeild ríkis og sveitarfélaga ráðast af umfangi hverrar starfsemi. Skal þá höfð til hliðsjónar stærð húsnæðis og áætlaður fjöldi rýma undir hverja starfsemi um sig.

Lagt verði fram frumvarp til laga til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu í samræmi við framanrakið. Skal við það miðað að breytingarnar gildi frá og með 1. janúar 2003.

Aðilar eru sammála um að áætlaður árlegur kostnaður sveitarfélaga sem ríkið yfirtekur samkvæmt þessum tölulið nemi að meðaltali 100 m.kr. Jafngildir það 0,05% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum. Lækkar framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt c) lið 2. töluliðs hér að framan til samræmis við það.

### **4. Kostnaðarmat lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla** (sbr. 8. tl. yfirlýsingar)

Aðilar eru sammála um að frá 1. janúar 2003 verði stjórnarfrumvörp og reglugerðar-drög sem undirbúin eru í félagsmálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti og einvörðungu

eða að verulegu leyti hafa bein áhrif á sveitarfélögin kostnaðarmetin með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga.

Tilraunaverkefnið standi yfir frá 1. janúar 2003 til 30. júní 2004 og er gert ráð fyrir að á tímabilinu vinni ráðuneytin þannig:

- Hafi umsjón með og framkvæmi mat á áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðardragna sem samin verði á vegum ráðuneytanna.
- Framkvæmdin verði í samræmi við reglur, sbr. fylgiskjal 1, sem unnar hafa verið af starfshópi sem skipaður var í janúar 2001 til að leggja fram tillögur um mat á áhrifum laga og annarra stjórnvaldsákvæðana á fjárhag sveitarfélaga.

Að tilraunatímabilinu loknu verði reynsla verkefnisins athuguð og ákvörðun tekin um fyrirkomulag til framtíðar.

## 5. Áframhaldandi vinna á grundvelli yfirlýsingar aðila 28. desember 2001.

Aðilar eru sammála um að halda áfram viðræðum og vinnu varðandi þau efnisatriði í yfirlýsingu aðila frá 28. desember 2001 sem ekki hafa verið til lykta leidd með samkomulagi þessu eða lausn hefur áður fengist á. Vísast hér til 4. (að hluta), 5. og 6. tl. yfirlýsingarinnar. Skal stefnt að því að niðurstaða liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2003.

## 6. Heildarbreyting framlags ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Framlag að óbreyttu m.v. núverandi viðmiðunargrunn	2003	204.125.373	1,40%	2.857.755
Hækkaðar húsaleigubætur umr. í hlutfall			0,27%	555.000
Framlag vegna jöfnunar tekna af fasteignaskatti			0,72%	1.469.703
Stofnframl. svf. til heilbrst. fellur niður			-0,05%	-100.000
<b>Samtals hlutfall af núverandi viðmiðunargrunni</b>			<b>2,34%</b>	<b>4.782.458</b>

Framangreint hlutfall komi í stað núverandi hlutfalls samkvæmt a. lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. þó 7. tölulið samkomulags þessa. Liður e. í 8. gr. sömu laga falli niður.

## 7. Breyting á viðmiðunargrunni til útreiknings á framlagi úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Aðilar eru sammála um að gerðar verði þær breytingar á stofni til útreiknings framlaga ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að í stað þess að framlögin séu reiknuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum samkvæmt eldri framsetningu ríkistekna í fjárlögum og ríkisreikningi verði þau framvegis ákvörðuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs samkvæmt núverandi framsetningu ríkistekna í fjárlögum og ríkisreikningi. eru aðilar sammála um að eftir þessa breytingu skuli framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt a. lið 8. gr. laga um tekjustofna

sveitarfélaga, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem samkomulag þetta hefur í för með sér, vera 2,12 % af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

## 8. Samráð um kjaramál.

Aðilar eru sammála um að ríki og sveitarfélög taki upp formlegt samráð á sviði kjaramála. Samráðið skal ná eftir atvikum til upplýsingamiðlunar og samræmingar við framkvæmd kjarasamninga, samvinnu við stefnumótun í aðdraganda samningsgerðar og samstarfs eftir því sem við á í kjarasamningaviðræðum.

*Reykjavík, 4. desember 2002.*

F.h. íslenska ríkisins

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

---

Páll Pétursson  
félagsmálaráðherra

---

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson  
formaður stjórnar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga

---

Geir H. Haarde  
fjármálaráðherra

---

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri  
Sambands íslenskra sveitarfélaga